



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. júní 2006
Tilvísun: 2006050016
Bréfalykill: 50.4.3

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi vegna Hagavatnsvirkjunar

Vísað er til erindis iðnaðarráðuneytisins frá 8. maí 2006, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um rannsóknarleyfi vegna virkjunar Farsins úr Hagavatni. Eftirfarandi umsögn Orkustofnunar byggist m.a. á gögnum umsækjanda, sem er skýrslan Hagavatnsvirkjun - Umsókn um rannsóknarleyfi.

Samkvæmt 16 og 18. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (57/1998), skal koma fram hver er tilgangur rannsóknarinnar, hver auðlindin er og afmörkun á svæði því sem rannsóknin skal ná til og tímalengd leyfis.

Leyfið er veitt á grundvelli þeirrar rannsóknaráætlunar sem umsækjandi setur fram. Rannsóknaráætlunin á að innihalda þá þætti sem þarf til að ná markmiðum umsóknarinnar. Tímamörk skulu vera í eðlilegu samræmi við nauðsynlegt umfang rannsókna.

1. Tilgangur OR er að halda áfram rannsóknum á virkjun úr Hagavatni sem er að mati umsækjanda álitlegur kostur ef marka má fyrri athuganir. Ennfremur að kanna hvort saman geti farið að virkja og stöðva sandfok á svæðinu. Þá nefnir umsækjandi kosti þess að hafa fleiri vatnsaflsvirkjanir innan vébanda fyrirtækisins til að mæta dagursveiflum í eftirspurn eftir raforku.

2. Í rannsóknaráætlun er gert ráð fyrir að afla betri korta en fyrir liggja, kanna aðstæður fyrir nauðsynleg mannvirki, efnisnámur, framskrið jökulsporðs og afla frekari rennislisgagna. Ef umræddar rannsóknir benda til hagkvæmrar virkjunar þarf mat á umhverfisáhrifum og viðeigandi rannsóknir.

Í gögnum umsækjanda er vitnað til áætlunar frá Orkustofnun um virkjun Hagavatns (forsthugun), sem gerð var 1985. Sú athugun var gerð áður en teknar voru upp siritandi vatnshæðarmælingar í Farinu. Eftir að mælingar hófust kom fljótlega í ljós að þær hugmyndir um meðalrennsli sem skýrslan byggði á voru óraunhæfar. Eftir mælingar á landslagi undir jökli er vitað hve stórt afrennissvæði Farsins er, og í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum af stækkun Hagavatns vegna stöðvunar sandfoks, sem vitnað er til í skýrslu umsækjanda, sýndi greining á afrennsli skv. mælingum í vatnsföllum sem falla til Hvítár að vestan, að Farið (Tungufljót) hlaut að tapa talsverðu af afrennsli vestur á nálæg vatnasvið, aðallega til Brúarár.

Rekstur vatnshæðarmælis í Farinu gekk brösuglega, aðallega vegna erfiðra aðstæðna, og gögnin talin fremur óreiðanleg. Mælingarnar komust þó í þokkalegt horf undir lokin á reglulegum rekstri Orkustofnunar á mælinum, en 1999 tók stofnunin upp mælingar í Sandá neðan Sandvatns í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Mælirinn í Farinu hefur verið í lágmarksrekstri seinustu ár, sem þýðir takmarkaðar lykilmælingar og að úrvinnsla er lítil. Að mati Vatnamælinga eru góðar líkur á að nýta megi gögnin eftir frekari úrvinnslu og rennislismælingar, og með stuðningi af nokkurra ára samfelldum mælingum í Sandá megi nálgast þokkalegt mat á tiltæku rennsli úr Hagavatni til að endurskoða forathugun virkjunar.

Orkustofnun mælir með því að rannsóknarleyfi Orkuveitu Reykjavíkur takmarkist í upphafi við eftirfarandi þætti:

1. Endurskoðað mat á rennsli.
2. Endurskoðun á forathugun virkjunar .
3. Kortagerð og þær rannsóknir sem gera má án rasks.

Leiði þessi áfangi til þess að fyrirtækið hafi enn hug á virkjun, verði gefið út viðbótarleyfi varðandi:

4. Rannsóknir sem varða staðsetningu og fyrirkomulag mannvirkja, og geta haft rask í för með sér.
5. Eftir atvikum undirbúningur að mati á umhverfisáhrifum.

Þessi tillaga er til komin vegna þess að Orkustofnun þykir ástæða til að ætla að umsóknin eigi rætur í úreltri forathugun á virkjun Hagavatns, sem gerð var áður en fullnægjandi mælingar lágu fyrir, og jafnframt að umsækjanda hafi sést yfir að forsendur fyrir þeirri forathugun hafa kollvarpast við beinar mælingar í útfall Hagavatns. Mælt er með því að umsækjanda verði gefið tækifæri til að skila endurskoðaðri rannsóknaráætlun með rökstuddri tímaáætlun.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir